

2009110073

9572

Umhverfisráðuneytið
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
UMH	09100106
Mótt:	10. DES. 2009
Brl.:	Áb.:

Reykjavík, 8. desember 2009

/-

Efni: Velferð til framtíðar

Skipulagsstofnun hefur skoðað drög að megináherslum 2010 - 2013 í Velferð til framtíðar og vill koma nokkrum almennum ábendingum á framfæri.

Megináherslunarnar verða leiðarljós fyrir ábyrgðaraðila við áætlanagerð og þarf hún því að vera skýr og vel rökstudd og leiðir og starfsmarkmið að vera markviss.

Bent er á að í fyrri útgáfum af "Velferð til framtíðar" var fróðleikur um sjálfbæra þróun og mismunandi stýritæki sem geta nýst. Skipulagsstofnun telur ennþá vera tilefni til að halda slíkum fróðleik inni til upplýsinga fyrir almenning.


Í II.kafla eru skilgreind markmið sem tengjast landnotkunarákvörðunum. Skipulagsstofnun telur að leggja megi meiri áherslu á kortlagningu málaflokka og markvissari áætlanagerð sem leið að markmiði, s.s. að unnar verði landgræðsluáætlanir til að ná markmiði 11.3 og skógræktaráætlanir til að ná markmiði 11.4. Bent er á að með markvissari áætlanagerð má jafnframt stuðla að samræmingu við stefnu annarra tengdra málaflokka. Í tengslum við þennan málaflökk vaknar einnig spurning um hvort ekki sé tilefni til að marka stefnu um varðveislu góðs landbúnaðarlands og skilgreina leiðir að því.

Aðalskipulag sveitarfélags sem staðfest er af umhverfisráðherra, er stjórnæki sem beita má til að styðja við sjálfbæra þróun samfélagsins. Sveitarfélögin eru því lykilaðilar þegar kemur að því að styðja við sjálfbæra þróun þar sem þau bera ábyrgð á skipulagi og þar með ráðstöfun alls lands til landnotkunar og takmörkunum á landnotkun vegna verndunar og náttúrvár. Skipulagsstofnun hefur hvatt sveitarfélögin til þess að líta til stefnumörkunar um sjálfbæra þróun í "Velferð til framtíðar" með það að markmiði að styðja við stefnu stjórnvalda og til þess að nálgast umhverfisverndarmarkmið fyrir umhverfismat. Sama á við um framkvæmdaraðila og mat á umhverfiáhrifum framkvæmda. Að mati stofnunarinnar mætti í almennum texta tengja Velferð til framtíðar betur við áætlanagerð sveitarfélaga.

Í kafla 8 er fjallað um vernd sérstæðra jarðmyndana. Skipulagsstofnun bendir á að til að

vernda sérstæðar jarðmyndanir verði gerð heildstæð efnistökuáætlun á landi og sjó. Einnig bendir stofnunin á að í tengslum við kafla 12 um aukna nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verði hugað að sérstæðum jarðmyndunum við nýtingu jarðhita, því nú þegar hefur mikill fjöldi lauga og ölkelda þornað upp vegna jarðhitanytingar og þar með leitt til skerðingu jarðmyndana og hugsanlega sérstæðra vistkerfa.

Í kafla 9 er fjallað um vernd víðerna. Skipulagsstofnun leggur til að til að ná fram markmiði 9.1 sem miðast að því að tryggja stór samfelld víðerni áfram í óbyggðum landsins, verði núverandi víðerni kortlögð, sem gefi upplýsingar um afmörkun og stærð þeirra og til hægðarauka verði þeim gefin kenniheiti.


Stefán Thors